

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um veiðikort og
hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995.**

1. gr.
3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.
Reglugerðin tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 2004.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

Nr. 51

20. janúar 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð við Stykkishólm.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 20. janúar 2004.

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi.

Nr. 52

19. janúar 2004

AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Múlakots I,
Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 14. ágúst 2003, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Múlakots I, Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagsgögn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 19. janúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Sveitarfélagið Árborg.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

1. gr.

Með almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, gangstéttir, gangstíga og svæði sem almenningi eru til afnota svo sem leikvelli, torg, bryggjur, íþróttavelli, útivistarsvæði, markaði o.fl.

Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjasali, bifreiðastöðvar, kvöldsolur o.fl.

2. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, mega ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, að óþörfu, enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að sem veldur ónæði.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal mynda röð, þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi sem misbýður almenningi eða getur raskað allsherjarreglu.